

AUGLÝSING

um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó.

Samkvæmt lögum nr. 89 frá 27. júní 2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð mun Fiskistofa leggja á gjald tvisvar á ári þ.e. 15. ágúst 2021 vegna tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2021 og 15. febrúar 2022 vegna tímabilsins 1. júlí 2021 til 31. desember 2021.

Gjald á hvert kílógramm slátraðs lax á árinu 2021 er kr. 3,99.

Gjald á hvert kílógramm slátraðs regnbogasilungs á árinu 2021 er kr. 2,00.

Gjöldin eru byggð á fyrirmælum sem fram koma í 2. gr. laganna.

Fiskistofu, 23. nóvember 2020.

Björk Guðmundsdóttir deildarstjóri fjármála.

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2020